

## VINNA SÉRNÁMSGRUNNSLÆKNIS Á HEILSUGÆSLU – HAUST 2022.

### Móttaka sérnámsgrunnslæknis

Sérnámsgrunnslæknir tekur þátt í hefðbundinni starfsemi stöðvar, þ.e. starfar í bókaðri móttöku auk þess að sinna dagvaktarþjónustu.

Eðlilegt er að miða við að sérnámsgrunnslæknir sinni **40-50** sjúklingum í móttöku á dagvinnutíma á viku. Innifalið í þeim fjölda er vinna á dagvakt sem getur verið mjög miserfið eftir tímabilum og stöðvum. Ef álag verður of mikið á dagvaktinni verða aðrir læknar að taka þátt og létta af álagi.

Gert er ráð fyrir að ekki séu bókaðir nema 2 sjúklingar á hverjum klukkutíma í fyrirfram bókaðri móttöku. Dagvaktarvinna lýtur öðrum lögmálum. Stefnt skal að því að sérnámsgrunnslæknir sinni dagvaktarþjónustu eingöngu hálfan dag í einu þar sem álag á dagvakt er mikið.

Rétt er að hafa í huga aðlögunartíma fyrir sérnámsgrunnslækni fyrstu 2-4 vikur starfstíma á heilsugæslu þar sem minna er bókað fyrstu dagana og álag síðan aukið eftir því sem færni eykst.

Almennt má gera ráð fyrir að sérnámsgrunnslæknir sjái meira af einföldum málum en sérfræðilæknir og fjöldi sjúklinga segir því ekki alla söguna um álag. Mikilvægt er að hafa í huga að vinna sérnámsgrunnslæknis er starfsnám og innan vinnutímans þarf að gefast tími til lestrar og ígrundunar út frá verkefnum sem viðkomandi sinnir.

### Símatímar.

Eðlilegt er að sérnámsgrunnslæknir sé skráður með 6 símatíma á dag, 4-5 daga vikunnar, gert er ráð fyrir símatíma í dagskrá. Til viðbótar koma símtöl tengt rannsóknarsvörum og eftirfylgd meðferðar.

### Síðdegisvakt

Sérnámsgrunnslæknir sinnir síðdegisvöktum eins og aðrir læknar stöðvar þegar hann telst hafa færni til þess skv. sameiginlegu mati sérnámsgrunnslæknis og handleiðara. Meta þarf fyrir hvern og einn hversu mörgum sjúklingum viðkomandi sinnir á síðdegisvakt og gera ráðstafanir mtt þess. Brýnt er að gæta að því að álag sé hæfilegt. Bakvakt þarf alltaf að vera til staðar í síma ef bakvakt er ekki á staðnum.

### Ungbarnavernd og mæðravernd

Sérnámsgrunnslæknir getur sinnt ungbarnavernd og mæðravernd og nýtur handleiðslu tengt þeim störfum. Slíkt er ákveðið í samráði við viðkomandi yfirlækni.

### Lyfjaendurnýjanir.

Sérnámsgrunnslæknir sinnir lyfjaendurnýjunum í samræmi við verklag viðkomandi stöðvar. Ef um er að ræða eftirritunarskyld lyf skal gæta varúðar og bera undir sérfræðing á stöð. Sérnámsgrunnslækni ber ekki skylda til að gefa út lyfseðla sem hann treystir sér ekki til að skrifa út. Slíkum málum skal vísa til sérfræðinga stöðvarinnar.

### Heilsuvera.

Sérnámsgrunnslæknir getur sinnt Heilsuveruskilaboðum eins og aðrir læknar stöðvar. Takmarka skal fjölda slíkra skilaboða við 6-8 á dag.

### Vottorðagerð

Sérnámsgrunnslæknir skrifar öll venjubundin vottorð og kallar eftir leiðsögn sérfræðinga stöðvarinnar hvað það varðar. Sérnámsgrunnslæknir ætti ekki að skrifa flókin lögfræðivottorð né vottorð til barnaverndaryfirvalda nema viðkomandi hafi komið að meðferð viðkomandi. Slík vottorð skulu unnin í samráði við yfirlækni.

### **Tími fyrir frágang og pappírsvinnu**

Gera þarf ráð fyrir tíma í dagskrá sérnámsgrunnslæknis til að sinna frágangi rannsóknarsvara og verkefna. Ýmist getur verið um að ræða tiltekinn dagpart sem tekinn er frá fyrir slík verkefni eða að tekinn er frá tími á hverjum degi fyrir frágang og pappírsvinnu. Vinna við vottorð getur farið fram á þeim tíma en einnig getur slík vinna að hluta farið fram utan dagvinnutíma enda er greitt sérstaklega fyrir vinnuna.

### **Vaktir**

Sérnámsgrunnslæknar taka þátt í að manna vaktir utan dagvinnutíma þegar starfað er utan höfuðborgarsvæðisins. Mikilvægt er að vaktabyrði verði ekki of mikil, álag sé hæfilegt og að bakvakt sé ávallt tryggð. **Rétt er að miða við að fjöldi vakta sé ekki fleiri en 1-2 í viku að jafnaði ( max 7-8 á mánuði).** Gæta þarf að hvíldartíma ef vinna fer fram að næturlagi. Mikilvægt er að sérnámsgrunnslæknir sé ekki á vakt síðasta sólarhring sinn á starfsstöð svo viðkomandi geti mætt hvíldur til vinnu á réttum tíma á næstu starfsstöð.

September 2022,

Gerður Aagot Árnadóttir kennslustjóri  
Próunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu